

Útskriftarræða V21

Karen Lind Ketilbjarnardóttir

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, starfsfólk,  
sammemendur og fjölskylda, vinir og allir sem að eru að horfa heiman  
frá.

Ég heiti Karen Lind Ketilbjarnardóttir og fékk þann heiður að flytja  
útskriftarræðuna í dag á þessum merkisdegi.

Þegar Agnes náði að plata mig í að halda þessa ræðu gleymdi ég strax  
að ég hafi sagt já þar til fyrir svona þrem dögum og er þessi ræða að  
mestu leiti skrifuð í gær kvöldi og á leiðinni hingað.

Þegar að ég var að klára grunnskóla þá hljómaði hugmyndin um það að  
búa heima fá mat og bíl hjá mömmu og pabba í þrjú ári viðbót bara  
geggjað vel, og var ekki spurning að ég væri að fara eitthvað annað!  
Ég man ennþá eftir því hvernig fyrsti skóladagurinn var, ég var svo  
stressuð en þegar að ég var mætt í skólann leið mér smá bara eins og  
ég hefði verið hérna áður, bæði kennarar jafnt og eldri nemendur tóku  
svo vel á móti okkur og er ég verulega þakklát fyrir það!

Systir mín hún Lísbet útskrifaðist ári áður en að ég fór í skólann og var  
búin að fá mig til að lofa sér að bjóða mig fram í nefnd um leið og ég  
myndi byrja í FSN, mér leist ekkert á það en stóð við mitt og gerði það.  
Fyrsta árið mitt var ég í skemmtinefnd þar sem að ég kynntist krökkum  
sem að ég hefði ekki endilega kynnst öðruvísi, ég lærði að skipuleggja  
viðburði og gera allskonar annað skemmtilegt eins og til dæmis að búa  
til plaggöt eða böggja kennarana. Annað árið mitt var ég svo ritari í  
aðalnefnd sem að var frekar næs þar sem að ég fékk minn eigin lykil að

nemó sem að breytti því eina að ég gat alltaf farið að leggja mig í friði eða bara horft á Netflix, smá svona VIP herbergi.

Ég gerði fullt á minni skóla göngu þrátt fyrir að næstum því þrjár annir hafi farið í það að vera heima út af covid við tölvuna eða bara hreinlega sofandi við tölvuna í sumu tilfellum... sorry Birta, Árni og Haddi.

Skíðaferðalag, kaffihúsa kvöld, böll, bingó, allskonar íþróttaviðburðir svo fleira sé uppfent. En það sem að FSN hefur fram yfir aðra skóla og það sem að ég mun lang mest sakna er hversu vinaleg og persónuleg upplifunin hérna er. Ég get sagt það með öryggi að þau sambönd sem að ég hef myndað við mína kennara eru sambönd sem að munu hjálpa mér í framtíðinni. Þeir vinir sem ég eignaðist hér eru líka vinir sem að ég sé fyrir mér vera mínir vinir að eilífu.

Í FSN eru líka svo fjölbreyttir áfangar sem að er hægt að velja úr sem dæmi fór ég í 3d prentunar áfanga, sakamála áfanga, bíómynda líffræði og svo má ekki gleyma enska bolta áfanganum sem að Haddi var með og ég (sú eina sem vissi ekki NEITT um enska boltann), get stolt sagst hafa rústað.

Tilfinningarnar eru búnar að vera allskonar seinustu vikur, spenningur fyrir því sem á eftir að koma en einnig smá söknuður yfir þeim frábæru tímum sem að við höfum fengið að eiga hér í skólanum. Líka smá kvíði, sérstaklega yfir því að fá að heyra þessa spurningu einu sinni enn „hvað ætlarðu svo að gera?“

Mitt svar er alltaf það sama eða „ég bara veit það ekki“ en ég vil minna ykkur nýstúdentu á það að það er allt í lagi að vita ekki, vera efins eða skipta um skoðun aftur og aftur og aftur... og svo aftur. Það er ekki einhver ein formúla til að lifa lífinu og það sem að skiptir allra mestu máli

er bara okkar eigin hamingja og ég minni ykkur á það að finna fegurðina í hversdagsleikanum og það að njóta lífsins því við eigum bara eitt.

Þessi seinustu þrjú ár hafa verið þau bestu hingað til og mun FSN alltaf eiga sérstakan stað í hjarta mínu. Ég vil gefa kennurum og öðru starfsfólki skólans stórt hrós fyrir bara það að vera æðisleg.

Í dag segi ég bæ við skólann minn með bros á vör og þakklát fyrir reynsluna mína hér.

Til hamingju við!

Takk fyrir mig!